



STARFSLEYFI

Dalvíkurbyggð

Kt. 620598-2089

-Þrettándabrenna-

Staðsetning: við Tungurétt í Svarfaðardal

Tímasetning: 6.1.2024 kl:20⁰⁰-22⁰⁰

Ábyrgðaraðili: Friðjón Árni Sigurvinsson kt. 1206853-339

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m. s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum fyrir brennur

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Greinargerð:

Sótt var um starfsleyfi þann 31. október sl. tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 9. nóvember, fjögurra vikna frestur til athugasemda rennur því út þann 7. desember 2023. Engar athugasemdir bárust og er því starfsleyfið útgefið óbreytt frá auglýstri tillögu.

18. desember 2023

f.h. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði fyrir brennur

1. Gildis- og ábyrgðarsvið:

- 1.1 Leyfið tekur til brennu, á ákvæðnum stað og á tilteknum tíma og degi með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykki og neðangreindum skilyrðum:
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrir en endanlegt leyfi lögreglufirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
- 2.2 Veitt er leyfi fyrir stórrí eða lítilli brennu enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”
- 2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrir en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.
- 2.5 Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 2.6 Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmat á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 2.7 Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 2.8 Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.
- 2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.